



Langanesbyggð

# SKÓLA- OG ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ, ÞÓRSHÖFN DEILISKIPULAG – tillaga



**Greinargerð**

15. maí 2014

*Unnið fyrir Langanesbyggð*





## 1 Inngangur

Tillaga þessi að deiliskipulagi er unnin af Teikn á lofti – ráðgjöf og hönnun ehf f.h. Langanesbyggðar vegna skóla- og íþróttamiðstöð við Langanesveg á Þórshöfn. Um er að ræða svæði fyrir grunn- og leikskóla ásamt menntasetri, félagsheimilinu Þórsveri, íþróttamiðstöð og aðliggjandi útivistar- og íþróttasvæði. Í deiliskipulaginu er m.a. gert ráð fyrir stækkun á húsnaði grunnskólans og byggingu nýs leikskóla ásamt tengibyggingu við grunnskólann. Einnig eru gerðar rýmisnýtingar breytingar innan skipulagssvæðisins þ.m.t. á bílastæðum vegna áætlana um aukið byggingarmagn, skilgreind svæði fyrir leiksvæði m.a. vegna leiksskóla og grunnskóla, lega göngustíga, lagnaleiðir og fleira. Jafnframt er skilgreindur byggingarreitur umhverfis félagsheimilið.

## 2 Skipulagssvæðið og staðhættir

Reiturinn sem deiliskipulagið nær yfir afmarkast af Langanesvegi í vestri, íbúabyggð við Pálmholt í norðri, íbúabyggð við Austurveg í suðri en austurmörk svæðisins fylgja útmörkum fótboltavallar og fyrirhugðu vegstæði tengibrautar skv. Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027. Skipulagssvæðið er um 6.23 ha að stærð.



Mynd 1. Skipulagssvæði fyrirhugaðs deiliskipulags

Grunnskólinn á Þórshöfn var byggður árið 1945 og hefur verið stækkaður tvisvar, 1961 og 1979. Árin 1998 og 1999 var gert mikið átak í frágangi lóðar við skólann samhliða byggingu íþróttamiðstöðvar. Aðgengi að skólanum er gott sem og aðstaða til útivistar með leiktækjum,

körfum og sparkvelli. Framhaldsskóladeild var stofnuð haustið 2009 og er til húsa í félagsheimilinu Þórsveri / Menntasetrinu á Þórshöfn, og er rekin í samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum. Fjarnámsmöguleikar frá öðrum skólum eru jafnframt góðir þar sem fjarfundarbúnaður og hentug aðstaða er fyrir hendi. Tónlistarskóli Langanesbyggðar er einnig staðsettur í Menntasetrinu.

### 3 Forsendur og viðfangsefni skipulagsins

Í deiliskipulaginu er m.a. gert ráð fyrir:

- Breytingum og stækkun á húsnæði grunnskólans og byggingu nýs leikskóla ásamt tengibyggingu við grunnskólann. Gert er ráð fyrir byggingum á einni hæð, allt að 7 m hárrí, sem falli vel að öðru umhverfi. Byggingarreitur er skilgreindur umhverfis allan grunnskólann vegna mögulegra framtíðar breytinga á húsnæði skólans, innan marka skilgreindra kvaða skipulagsins.
- Skilgreindur byggingarreitur umhverfis núverandi félagsheimili fyrir byggingu allt að tvær hæðir eða 10 m.
- Skilgreindar rýmisnýtingar breytingar innan skipulagssvæðisins þ.m.t. á bílastæðum og leiksvæðum.
- Skipulagi er frestað á nyrsta hluta skipulagssvæðisins.

#### *Leikskólinn Barnaból*

Einn leikskóli, Barnaból, er á Þórshöfn. Hann var stofnaður 1977 og var upphaflega til húsa í félagsheimilinu Þórsveri í litlum sal er nefndur var Kaffistofan. Það húsnæði þótti afar óhentugt og síðar var leikskólinn fluttur á neðri hæð að Langanesvegi 14. Árið 1981 hófst bygging nýs leikskóla við Fjarðarveg 5a. Í dag er húsnæði Barnabóls orðið of lítið þrátt fyrir að leikskólinn sé nú rekinn í tveimur húsnæðum, Fjarðavegi 5a og Hálsvegi 3 sem bætt var við fyrir mörgum árum sem tímabundið úrræði. Aðstaðan í Hálsvegi 3 er í gömlu íbúðarhúsi og hentar því illa sem leikskóli þó það hafi verið nýtt á þann hátt. Gamla leikskólabyggingin við Fjarðaveg er komin nokkuð til ára sinna og ekki er talið ákjósanlegt að byggja þar við. Einnig er kominn tími á gagngerar endurbætur á lóðinni við Fjarðarveg eigi hún að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til leikskólastarfsins.

Þrátt fyrir að leikskólinn hafi yfir þessum tveimur húsnæðum að ráða þá hafa biðlistar verið að lengjast og börn sem orðin eru eins og hálfis árs hafa enn setið föst á listanum þrátt fyrir að vera komin á þann aldur sem miðað er við fyrir inntöku. Þess fyrir utan hefur sífellt háværarí krafa verið um það í sveitarfélaginu að taka börn inn í leikskólann allt niður í eins árs gömul.

## *Grunnskólinn á Þórshöfn*

Húsnæði Grunnskólans er orðið of lítið en þar vantar einkum upp á starfsmannaaðstöðu og stofur fyrir verklega kennslu s.s. myndmennt, heimilisfræði og smíðar. Skilgreindur er byggingarreitur utanum skólann allan vegna mögulegra seinni breytinga á húsnæðinu, sem verði í samræmi við skilmála skipulagsins.

### *Skólamiðstöð*

Í skipulagstillögunni er sett fram tillaga að nýrri leikskólabyggingu norðan við grunnskólann og stækkun grunnskólans. Á milli þessa nýja húsnæðis Barnabóls og grunnskólans verði tengibygging sem jafnframt er fjölnota salur. Með þessum hætti er stuðlað að samnýtingu á rýmum s.s. á sölum, eldhúsum og starfsmannaaðstöðu. Í litlu samfélagi geta verið nokkuð miklar sveiflur í fjölda barna milli árganga. Samtenging leik- og grunnskóla gerir það mögulegt að nota hluta leikskólans fyrir fyrstu árganga grunnskólans og öfugt.



Mynd 2. Hugmynd að nýjum leikskóla og tengibyggingu

ZEPPILIN ARKITEKTAR



Mynd 3. Hugmynd að nýjum leikskóla og tengibyggingu

ZEPPILIN ARKITEKTAR



Mynd 4. Hugmynd að nýjum leikskóla og tengibyggingu

ZEPPILIN ARKITEKTAR

#### *Aðrar framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru*

Innan skipulagssvæðisins er sparkvöllurinn Saxavöllur. Hann var vígður sumarið 2008 og hlaut nafnið Saxavöllur eftir fyrsta íþróttafélaginu á Þórshöfn. Með tilkomu nýrrar leikskólabyggingar verður nauðsynlegt að færa sparkvöllinn til innan skipulagssvæðisins. Jafnframt þarf að ráðast í breytingar bílastæðum vegna aukins byggingarmagns. Þá má einnig gera ráð fyrir nánari hönnum og framkvæmdum við lóðir skólamiðstöðvarinnar og nánasta umhverfis innan skipulagssvæðisins.

## **4 Markmið skipulagsins**

Með tilkomu nýrrar skólamiðstöðvar verður mögulegt að taka inn börn í leikskólann frá eins árs aldri. Einnig batnar öll aðstaða í skólanum fyrir starfsfólk og verklega kennslu, s.s. myndmennt, heimilisfræði og smíðar. Skólamiðstöðin og nýjar byggingar gera sveitarfélagið betur í stakk búið til að taka við sveiflum í fjölda barna eftir árgöngum, og/eða aukningu samanber makmið aðalskipulagsins, og stuðlar að hagræðingu og styrkir samstarf leik- og grunnskóla með samnýtingu á stofum og sölum. Þá er ótalin þau gæði sem felast í því fyrir forráðamenn og börn að hafa þessar skólastofnanir á sama stað innan þéttbýlisins.

## 5 Skipulagsleg staða

Í gildi er Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 þar sem gert er ráð fyrir fjölgun íbúa í sveitarfélaginu í tengslum við uppbyggingu atvinnulífs. Fyrirhuguð bygging leikskóla og stækkun grunnskóla fylgir þeirri stefnu. Í aðalskipulaginu er skipulagssvæðið allt skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir og á bls. 86 í greinargerð aðalskipulagsins segir: „Ein af forsendum vel starfandi samfélags er að öllum líði sem best líkamlega og andlega. Þjónustustofnanir hafa það hlutverk að veita almenningi samfélagsþjónustu á sviði heilbrigðis, menntunar/fræðslu, umönnunar, menningar, verndunar og upplýsinga“.

Í skipulagsreglugerð segir: „Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.“

Ekkert deiliskipulag er í gildi innan skipulagssvæðisins og ekkert gildandi deiliskipulag liggur að mörkun skipulagssvæðisins.



Mynd 5. Hluti aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027. Skipulagssvæðið er hér innan hringsins og skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir

## 6 Umhverfismat

Skipulagið felur ekki í sér stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda, sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er hún því ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

## 7 Kynning og samráð

Við skipulagsvinnuna hefur verið haft samráð við stofnanir og hagsmunaaðila sem málið varðar og leitað umsagnar þeirra. Helsti samráðsaðili er Skipulagsstofnun.

Þegar sveitarstjórn samþykkir að auglýsa skipulagstillöguna með formlegum hætti í 6 vikur skv. skipulagslögum gefst almenningi og öðrum hagsmunaaðilum kostur á að senda inn formlegar athugasemdir og fá umfjöllun og svör við þeim.

Deiliskipulagstillagan mun verða kynnt almenningi í staðarblaði, á heimasíðu Langanesbyggðar og mun auk þess liggja frammi á skrifstofum sveitarfélagsins.



## 8 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi skipulagsins er sem hér segir:

### *Apríl 2014*

Skipulagslýsing var kynnt fyrir íbúum Langanesbyggðar og óskað eftir ábendingum.

### *Mái 2014*

Deiliskipulagstillaga lögð fram til samþykktar í umhverfis- og skipulagsnefnd.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillöguna í 6 vikur þar sem íbúum gefst tækifæri til að kynna sér tillögunar og senda inn athugasemdir.

### *Júlí 2014*

Sveitarstjórn svarar mögulegum athugasemdum vegna auglýsingar skipulagstillögunnar, samþykkir með hugsanlegum breytingum og sendir tillögu til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun.

Skipulagsstofnun hefur allt að þrjár vikur til að afgreiða deiliskipulagið. Að því því loknu öðlast það gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.